

Fundargerð 253. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fjarfundur haldinn að Geirsgötu mánudaginn 27.2.2023 kl.13:15 – 14:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Dagný Arnarsdóttir, Pétur Óskarsson og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 249, 250, 251 og 252.

Fundargerðir sendar í rafræna undirritun.

2. Umsóknarferli 2022-2023 – FF18

Bréf til ráðherra með tillögum að styrkþegum 2023 (FF17) ásamt fylgiskjöllum samþykkt og undirritað (sjá meðfylgjandi skjal).

Næstu fundir:

27. febrúar

13. mars

Fundi slitið kl. 14:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna

Menningar og viðskiptaráðuneytið

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ráðherra ferðamála

Sölvhólsgrata 7

101 Reykjavík

Reykjavík 01.03.2023

Efni: Tillögur stjórnar FF að úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2023.


Á fundi sínum þann 27.2.2023 samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða meðfylgjandi tillögur að úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem hér með eru sendar ráðherra til ákvörðunar. Tillögur stjórnarinnar eru unnar samkvæmt lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.


Auglýst var eftir umsóknum þann 20. ágúst í Fréttablaðinu og 25. ágúst í Bændablaðinu, en umsóknarfrestur var auglýstur frá og með 24. ágúst til kl. 13 þriðjudaginn 5. október 2022.

Alls bárust 101 umsókn um styrki að fjárhæð kr. 2.037.984.107,- til verkefna að heildarfjárhæð kr. 6.401.045.030,-. Af innsendum umsóknum voru 24 ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verksviðs hans skv. lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Að þessu sinni er lagt til að alls 28 verkefni séu styrkt úthlutunar að þessu sinni samtals kr. 550.000.000,-. Af þeim verkefnum sem fá styrk að þessu sinni þá eru 20 af 28 verkefnum skilgreind á áfangastaðaáætlun innan síns svæðis.

Virðingarfyllst,


Halldór Eiríksson formaður


Dagný Arnarsdóttir


Pétur Óskarsson


Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Fylgigögn tillagna:

FF18 2023 - Tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.

FF18 2023 - Tillaga stjórnar að styrkþegum skv. tegund umsækjenda.

FF18 2023 - Tillaga stjórnar að styrkþegum skv. landshlutum.

FF18 2023 - Yfirlit umsækjenda – afgreiðsla mála.

FF18 2023 - Skipting umsækjenda eftir landshlutum (kökurit).

FF18 2023 - Skipting styrkþega eftir landshlutum (kökurit).

FF18 2023 - Gæðamatsblað umsókna.

FF18 2023 - I - Stigagjöf fyrir viðmið gæðamats.

FF18 2023 - II - Stigagjöf fyrir viðmið gæðamats.

FF18 2023 - Auglýsing.